

Reykjavík, 28. apríl 2000

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. um breytingu á tekju- og eignarskattslögum (547. mál).


Visað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 12. apríl 2000, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum (547. mál).

Í frumvarpinu um breytingu á tekju- og eignarskattslögum er fjallað um nokkur atriði, þ. á m. um kaup á hlutabréfum samkvæmt kauprétti. Í sameiginlegri umsögn Samtaka atvinnulífsins og nokkurra aðildarsamtaka þess, þ. á m. Samtaka fjármálafyrirtækja, er fyrst og fremst fjallað um þetta atriði frumvarpsins. Samtök fjármálafyrirtækja telja hins vegar nauðsynlegt að koma á framfæri viðbótarsjónarmiðum um frádráttarbærni lífeyrissjóðsiðgjalda.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að frádráttarbærni lífeyrissjóðsiðgjalda verði takmörkuð við 20% af iðgjaldsstofni, þó þannig að fjárhæðin fari aldrei yfir 1,5 m.kr. Þó er gert ráð fyrir að hlutfallið geti farið upp í allt að 23% þegar um er að ræða stéttir sem búa við skemmri starfsaldur en almennt gerist. Þegar Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands var breytt í hlutafélög voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi lífeyrismála starfsmanna. Eftirlaunasjóðum þeirra var skipt í tvær deildir og gilda mismunandi reglur í hvorri deild. Í annari þeirra nema iðgjöldin 18,4% af iðgjaldsstofninum en í hinni 17%. Starfsmenn geta að sjálfsögðu nýtt sér rétt til viðbótarlífeyrissparnaðar og þá bætast allt að 2,2% við. Samtals eru þetta 20,6%. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er verið að skerða rétt þessara starfsmanna. Því telja samtökin nauðsynlegt að 20%-hámarkið verði hækkað eða jafnvel fellt niður.

Ljóst er að fjölmargir einstaklingar hafa hærri laun en 1,5 m.kr. hámarksfrádráttur lífeyrissjóðsiðgjalda er miðaður við. Verði frumvarpið óbreytt að lögum skerðist því réttur þeirra. Því telja samtökin nauðsynlegt að 1,5 m.kr. hámarkið verði hækkað eða jafnvel fellt niður. Í þessu sambandi má minna á að frádrátturinn leiðir eingöngu til skattfrestunar en ekki undanþágu frá skatti, þar sem lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar eins og hverjar aðrar tekjur. Verði takmörkunin ekki felld niður telja samtökin nauðsynlegt að hún nái ekki til samninga sem þegar hafa verið gerðir.

Virðingarfyllst,



Finnur Sveinbjörnsson